

Alþingi
Erindi nr. P 140/1120
komudagur 20.2.2012

Brynja Björk Birgisdóttir

20. 2. 2012

Umsögn um:

þskj. 370, 140. lþ, 316. mál - Frumvarp til laga um menningarminjar:

Um 8. gr.

Fornminjanefnd er ætlað að vera öflug fagnefnd. Með það að viðmiði er hlutfall fagfólks í nefndinni of lágt. Sér í lagi er hlutfall fornleifafræðinga í forminjanefndinni of lágt miðað við starfssvið hennar og faglegt hlutverk.

Tillaga að breytingu á samsetningu forminjanefndar: *Félög fornleifafræðinga tilnefni tvo fulltrúa og fellt verði niður að forvörður verði tilnefndur.*

Fornminjanefnd er fagráð sem á að vinna að faglegri og stjórnsýslulegri stefnumótun. Auk þess á nefndin að vera umsagnaraðili um tillögur um friðlýsingu fornleifa. Í þriðja lagi á nefndin að setja úthlutunarreglur fornminjasjóðs sem og að veita umsögn um umsóknir í sama sjóð. Þar til geta komið önnur verkefni samkvæmt lögum. Hlutverk forminjanefndar er vítt og faglegt, þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að hlutfall fagfólks í nefndinni verði hærra en lagt er til í frumvarpinu.

Um 15. gr.

Mikilvægi skráningargagna er ótvírætt. Hins vegar er ekki sjálfgefið að frumgögn eigi að varðveita á Minjastofnun Íslands. Eðlilegra og hagkvæmara er að frumgögnum allra rannsókna sé skilað til Þjóðminjasafns Íslands til varðveislu í gagnasafni og að Minjastofnun fái afrit af skýrslum á rafrænu formi og afrit af þeim frumgögnum er nauðsynleg þykja hverju sinni vegna skipulagsmála eða annara umsókna eða umsagna sem stofnunin hefur til meðferðar. Sem varðveislustofnun er eðlilegt að þjóðminjasafnið annist vörslu frumgagna allra fornleifarannsókna, þar með talið skráninga og kannana.